

Sp.

252. Tillaga til þingsályktunar

[108. mál]

um eftirlit með umgengni á sögustöðum.

Flm.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta reglulegt þing frumvarp til laga um eftirlit með sögustöðum og öðrum þeim stöðum á landinu, sem sérstaklega eru sóttir af erlendum og innlendum ferðamönnum.

Greinargerð.

Alþingi hefur með sérstakri löggjöf sett reglur um friðhelgi og eftirlit Þingvalla, helgasta sögustaðar Íslendinga. Enn fremur eru í lögum reglur um náttúruvernd og um eftirlit með opinberum veitingastöðum víðs vegar um land.

En mikið brestur á, að fylgzt sé með umgengni á ýmsum fjölsóttum sögustöðum. Hefur það því hent sorglega oft, að ferðamenn, erlendir sem innlendir, hafa orðið vitni að ótrúlegum sóðaskap og hirðuleysi á slíkum stöðum. Á s. l. sumri henti það til dæmis, er fjölmennur hópur íslenzkra og erlendra blaðamanna heimsótti einn merkasta sögustað þjóðarinnar, að þar var vægast sagt mjög ógeðþekk aðkoma. Olli það í senn miklum vonbrigðum Íslendinganna, sem þátt tóku í förinni, og hinna erlendu gesta, sem höfðu gert sér háar hugmyndir um höfuðból eins frægasta og ágætasta sonar „sögubjóðarinnar“.

Íslendinga getur ekki greint á um það, að slík umgengni á frægustu sögustöðum þjóðarinnar er henni til mestu vanvirðu, ekki aðeins gagnvart útlendingum, heldur gagnvart sjálfri sér. Úr þessu verður þess vegna að bæta. Bætt umgengni, snyrtimennska og hirðusemi hlýtur að sjálfsögðu að byggjast fyrst og fremst á því fólki sjálfu, sem býr á slíkum stöðum. Það verður að gera sér ljóst, að á því hvílir mikil ábyrgð gagnvart þjóð sinni. En ekki virðist óeðlilegt, að hið opinbera leggi það ómak á sig að fylgjast með umgengni á þessum stöðum. Þyrfti það alls ekki að hafa mikinn kostnað í för með sér. Mætti til dæmis vel hugsa sér, að sýslumönnum og bæjarfógetum yrði falið að hafa eftirlit með sögustöðum, hverjum í sínu umdæmi. Yfirumsjón mætti svo fela embættismönnum ríkisins í höfuðborginni, t. d. húsameistara ríkisins, vegamálastjóra og þjóðminjaverði.

Í till. þessari er því lagt til, að Alþingi feli ríkisstjórninni að undirbúa fyrir næsta reglulegt þing frv. til laga um eftirlit með sögustöðum og öðrum þeim stöðum á landinu, sem sérstaklega eru sóttir af erlendum og innlendum ferðamönnum. Hér er um menningarmál að ræða, sem einnig hlýtur að vera nokkurt metnaðarmál íslenzku þjóðarinnar.